

Nr. 155	Nýjar aðferðir við vinnslu á grásleppuhrognakaviar
10. júni 1984	Skýrsluna í heild má panta í sima 20240

NÝJAR AÐFERÐIR VIÐVINNSLU Á GRÁSLEPPUHROGNAKAVIAR

Hannes Magnússon, Emilia Martinsdóttir
Björn Guðmundsson, Árni Jónsson

ÁGRIÐ

A grásleppuhrognavertiðinni 1983 voru reyndar nýjar leiðir við framleiðslu á grásleppuhrognakaviar, sem miðuðu að því að einfalda núverandi vinnslurás íslenskra framleiðenda. Kostnaður við verk-efnið skiptist á milli R.f. og Þorsteins Jónssonar hjá Arctic h.f. á Akranesi, sem fékk til þess styrk frá Þróunarsjóði lagmetis.

Tilgangur tilraunanna var að framleiða léttaltaðan kaviar með mis-munandi saltmagni úr nýjum hrognum án undangenginnar harðsöltunar. Saltað var á tvennis konar hátt þ.e. pækilsaltað og þurrsaltað. Gerðar voru athuganir á gæðum og geymsluþoli kaviarsins. Einnig voru áhrif rotvarnarefnanna kalium sorbats og natrium bensóats á geymsluþol léttaltaðra hrogsna könnuð.

Við framleiðslu á pækilsöltuðum kaviar voru ný hrogn lögð beint í pækil með litar- og bragðefnum. Þessi aðferð gaf mjög góða raun. Heppilegast var að glösun í lofttæmdar umbúðir væri gerð sem fyrst eftir söltun. Nánast engin fjölgun örvera varð á 8 mánaða geymslutíma, ef upphafsgjerlafjöldi var lágor. Bragð og gerð sliks kaviars likuðu sist verr en kaviars, sem unninn var á hefðbundinn hátt. Salt-styrkur var hafður sem næst 3, 4.5 og 6%, en geymsluþol kaviars með aðeins 3% salti var á protum eftir 8 mánuði. Saltari kaviarinn var yfirleitt enn í lagi á þeim tíma.

Purrsöltun léttaltaðra hrogsna reyndist ekki heppileg, þar sem hrognin límdust saman við söltun og erfitt var að ná þeim í sundur án þess að skemma hrognin.

Við rannsóknir á áhrifum rotvarnarefna á geymsluþol léttaltaðra hrogsna kom í ljós, að rotvarnarefnið kalium sorbat eitt sér en þó sérstaklega í blöndu með natrium bensóati er varasamt að nota í afurð sem þessa vegna hættu á myndun óeðlilegrar lyktar.

Íslenskum framleiðendum kaviars er hér með bent á að nýta sér þessa aðferð á þeim hluta framleiðslu sinnar, sem þeir geta unnið á meðan á vertið stendur.

EFNISYFIRLIT.

	<u>bls.</u>
<u>1. INNGANGUR</u>	1
<u>2. FRAMKVÆMD</u>	3
<u>2.1. Tilraun 1. (A,B,C,D,E og F).</u>	3
2.1.1. Pækilsöltun og pökkun kaviars (A,B,C).	3
2.1.2. Purrsöltun hrogna og pökkun kaviars (D og E).	4
2.1.3. Purrsöltun hrogna með mismunandi rotvarnar-efnum (F).	4
<u>2.2. Tilraun 2 (X og Y).</u>	5
<u>2.3. Rannsóknir.</u>	5
2.3.1. Gerlatalningar og greiningar.	5
2.3.2. Skynmat.	6
2.3.3. Efnamælingar.	6
<u>3. NIÐURSTÖÐUR.</u>	7
<u>3.1. Tilraun 1 (A,B,C,D,E og F)</u>	7
3.1.1. Gerlatalningar.	7
3.1.2. Skynmat.	10
3.1.3. Efnamælingar.	13
<u>3.2. Tilraun 2 (X og Y).</u>	16
3.2.1. Gerlarannsóknir.	16
3.2.2. Skynmat.	16
3.2.3. Efnamælingar/nýtingarathugun.	18
<u>4. UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR.</u>	20

- Tafla 1. Pækilsaltaður kaviar, efnahlutföll (tilraun 1).
Tafla 2. Purrsöltuð hrogn, efnahlutföll.
Tafla 3. Pækilsaltaður kaviar, efnahlutföll (tilraun 2).
Tafla 4. Skynmat á kaviar og hrognum í fötum.
Tafla 5. Skynmat á kaviar í glösum.
Tafla 6. Niðurstöður saltmælinga,(tilraun 1).
Tafla 7. Niðurstöður sýrustigsmælinga,(tilraun 1).
Tafla 8. Niðurstöður saltmælinga,(tilraun 2).
Tafla 9. Niðurstöður sýrustigsmælinga,(tilraun 2).
Tafla 10. Niðurstöður mælinga á rotvarnarefnum.
Mynd 1. Gerlatalningar í pækilsöltuðum kaviar.(tilraun 1).
Mynd 2. Gerlatalningar í purrsöltuðum hrognum/kaviar
(tilraun 1).
Mynd 3. Gerlatalningar í pækilsöltuðum kaviar (tilraun 2).

1. INNGANGUR.

Langstærstur hluti saltaðra grásleppuhrogna er seldur beint úr landi í tunnum en lítill hluti fer til kaviarvinnslu innanlands. Samkeppni um sölu á kaviar erlendis er hörð og verðsamanburður óhagstæður fyrir íslensku framleiðsluna auk þess sem keppt er við kaviar framleiddan úr hrognum annarra fisktegunda. Á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var ákveðið að reyna nýjar leiðir við framleiðslu á kaviar í því skyni að lækka framleiðslukostnað íslenskra framleiðenda.

Leitað var til Þorsteins Jónssonar hjá Arctic á Akranesi um samvinnu við slikt verkefni. Í maí 1983 var gerð verkefnalýsing og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið. Kostnaður við verkefnið var áætlaður um kr. 100.000. Þorsteinn Jónsson sótti um 50.000 kr. styrk til Próunarsjóðs lagmetis til að vinna þetta verkefni og var hann veittur Arctic h.f., 1.júlí. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins tók að sér annan kostnað.

Grásleppuhogn hafa verið söltuð á svipaðan hátt í tunnum hér á landi í áratugi. Á síðustu árum hefur að visu notkun véla við söltunina aukist. Hrognin eru himnuhreinsuð í hrognaskilju og síðan er látið sığa af þeim á venjulegu sáldi í 10-12 klst. eða á hristisáldi, en það styttir mjög vinnslutímann. Hrognunum er síðan vöðlað saman við salt og rotvarnarefni, oft í hrærivélum. Þau eru síðan sett í tunnum og í hverja tunnu fara 105 kg fersk hogn, 12 kg fint salt og 200 gr. bensóat. Tunnurnar eru pæklaðar og hrognin talin fullverkuð eftir um 3 vikur. Við kaviarvinnslu eru hrognin útvötnuð, þannig að í hver 100 kg af hrognum eru settir 100 lítrar af vatni. Eftir útvötnun er pækillinn látinna sığa af og hrognin sett í litunarbað (pækill-litur-rotvarnarefni) í ákveðinn tíma. Þá er litunarvökvinn látinna sığa af og kaviarnum pakkað í glös. Kaviar er um 4-6% saltur.

Þessa vinnslurás mætti hugsanlega einfalda með því að létt-salta hrognin þannig að þau yrðu hæfilega sölt í kaviar og ekki þyrfti að útvatna þau. Jafnvel mætti setja hrognin fersk beint í litunarbað með bragðefnum og setja þau síðan í glös. Grásleppuhognavertið hér á landi er um 3 mánuðir, þannig að tæplega yrði unnt að léttalta alla framleiðsluna en ef

til vill þann hluta sem verksmiðjurnar gætu unnið jafnóðum. Til að hefja slika vinnslu er mörgum spurningum ósvarað einkum um geymslubol léttaltaðra hrogna. Ennfremur vantar upplýsingar um hvort hefðbundin verkun í tunnum hefur áhrif á bragð og gerð kaviars.

Tilgangur þeirra tilrauna, sem hér verður lýst er eftirfarandi:

- 1) Að framleiða léttaltaðan kaviar (pækilsöltun) beint í tunnu úr nýjum hrognum og fylgjast með geymsluboli og gæðum hans í tunnum og glerilátum. Reyna að ákvarða heppilegan tíma til pökkunar úr tunnu í glerilát.
- 2) Að framleiða léttöltuð grásleppuhrogn (þurrsöltun) og kanna geymslubol þeirra í tunnu. Framleiða kaviar úr hrognunum og fylgjast með geymsluboli og gæðum hans.
- 3) Að kanna áhrif rotvarnarefnanna kalíum sorbats og natrium bensóats á geymslubol léttaltaðra hrogna.

2. FRAMKVÆMD.

2.1. Tilraun 1 (A,B,C,D,E og F).

Fengin voru 80 kg hreinsuð og sigtuð grásleppuhrogn í söltunarstöðinni Dröfn 16. maí 1983. Hrognin voru geymd i kæli í 24 klst. fyrir söltun. Hrognin voru pækilsöltuð beint með litar- og bragðefnum og þurrsöltuð á hefðbundinn hátt. Saltstyrkur var hafður 3%, 4.5% og 6%.

2.1.1. Pækilsöltun og pökkun kaviars (A,B og C).

Hrogn, vatn, salt, rotvarnarefni, litarefnablanda og bragðefni voru vegin samkvæmt eftirfarandi töflu og blandað saman.

Tafla 1. Pækilsaltaður kaviar, efnahlutföll.

Efnahlutföll	Salt 3%	Salt 4.5%	Salt 6%
Hrogn, kg	10	10	10
Vatn, l	10	10	10
Salt, kg	1.1	1.5	1.8
Bensóat, g	50	50	50
Litarefni, g	30	30	30
Bragðefni, g	30	30	30

Hrognin stóðu í pækli meðan saltupptaka hrogsna átti sér stað, en saltmagn var mælt reglulega. Þegar salt í pækli og hrognum hafði náð jafnvægi (innan við 3 klst.) var hrognunum pakkað í 3 lítra plastfötur með smélltu loki. Hluti pækilsins var sigtaður frá þannig að nógur pækill væri í hverri fötu til þess að flyti yfir hrognin. Alls var pakkað í 6 fótur, tvær fyrir hvern saltstyrk (merkt 3B, 3C, 4.5B, 4.5C, 6B, 6C). Fötur voru geymdar í kæli við 4°C.

Pökkun í glös var framkvæmd á þann hátt, að pækill var látinna renna af grisju í u.p.b. 1 klst. Pakkað var á 50 g glerglös, glösum lokað og þau lofttæmd og geymd við 4°C.

Hluta hrognanna þ.e. 3 kg af hverjum saltstyrk var pakkað 2 dögum eftir söltun (merkt 3A, 4.5A, 6A). Kaviar B var pakkað á

glerglös 22 dögum eftir söltun en kaviar C var geymdur áfram óglasaður.

2.1.2. Þurrsöltun hrognna og þökkun kaviars (D og E).

Þurrsaltað var samkvæmt hefðbundinni aðferð þannig að vöðlað var saman hrognum, salti og bensóati í eftirfarandi hlutföllum.

Tafla 2. Þurrsöltuð hrogn, efnahlutföll.

Efnahlutföll	Salt 3%	Salt 4.5%	Salt 6%	Salt 12%
Hrogn, kg	3	3	3	3
Salt, g	90	135	180	360
Bensóat, g	9.5	9.5	9.5	9.5

Alls var pakkað í 7 fótur, tvær fyrir hvern saltstyrk. (merkt 3D, 3E, 4.5D, 4.5E, 6D, 6E) og eina með 12% salti.

Þegar pækilmyndun var komin í jafnvægi var pæklað með 12, 6, 4.5 og 3% pækli í hverja fötu þannig að pækill flaut yfir. Pökkun á glös fór þannig fram að pækli var hellt af hrognunum og þau látin í litunarbað með bragðefnum. Hlutfall hrognna á móti pækli var 2:1. Að öðru leyti var glösun eins og fyrir pækilsöltuð hrogn.

Hluta hrognanna D var pakkað í glerglös 15 dögum eftir söltun en hrogn E voru geymd í fötum við 4°C. Hrogn með 12% salti voru höfð til samanburðar. Ennfremur var framleiddur 4.5% saltur kaviar úr þurrsöltuðum hrognum (12% söltum).

2.1.3. Þurrsöltun hrognna með mismunandi rotvarnarefnum (F).

Söltun hrognna til prófunar á mismunandi rotvarnarefnum fór fram á sama hátt og þurrsöltun lýst í 2.1.2. Saltað var í fjórar fótur, ein var rotvarin með 0.2% bensóati, önnur með 0.2% sorbati, þriðja með 0.1% bensóati og 0.1% sorbati og sú fjórða var án rotvarnarefna. Í allar fótturnar var sett 4.5% salt. Hrognin voru geymd í fötum við 4°C.

2.2. Tilraun 2 (X og Y).

Fengin voru 20 kg hreinsuð og sigtuð grásleppuhrogn í söltunarstöðinni Dröfn 14. júlí 1983. Hrognin voru pækilsöltuð beint með litar- og bragðefnum.

Hrogn, vatn, salt, rotvarnarefni, litarefnablanda og bragðefni voru vegin samkvæmt eftirfarandi töflu og blandað saman.

Tafla 3. Pækilsaltaður kaviar, efnahlutföll.

<u>Efnahlutföll</u>	Salt <u>3%</u>	Salt <u>4.5%</u>	Salt <u>6%</u>
Hrogn kg	2	2	2
Vatn, l	1	1	1
Salt, g	90	135	180
Bensóat, g	9.5	9.5	9.5
Litarefni, g	4	4	4
Bragðefni, g	4	4	4

Í upphafi var kaviarnum pakkað í 3 l plastfötur (merkt 3X, 4.5X, 6X, 4.5Y). Pakkað var í glös á þann hátt og lýst er í 2.1.1. Kaviar X var pakkað í glerglös 4 dögum eftir söltun, en kaviar Y var pakkað 12 dögum eftir söltun.

2.3. Rannsóknir.

2.3.1. Gerlatalningar og greiningar.

Útbúin var 1/10 þynning þannig að 11 g sýnis voru vigtuð í 99 ml af 5% söltu þynningarvatni. Sýninu var síðan pipettað á skálar í viðeigandi þynningum og 5% söltum Plate Count Agar (PCA) hellt saman við. Ræktun var gerð við 22°C í 5 daga. Gerlagreining var gerð á 4.5% söltum kaviar (X-seria) í lok geymslutímans. Alls voru 25 stofnar valdir af 5% söltum PCA og eftirtaldar prófanir gerðar: Gram-litun, smásjárskoðun, kvíkleikaprófun, catalase-prófun og CO₂ frá glúkósa skv. agar-tappaaðferð. Í Tæknitiðindum nr. 150 er að finna aðferðalýsingar á ofantöldum prófunum.

2.3.2. Skynmat.

Fylgst var með hrognum á fótum reglulega jafnframt því sem sýni voru tekin til gerla- og efnamælinga. Glasaður kaviar fór í skynmatspróf. Notaður var 5-8 manna hópur. Skynmatið hafði þann tilgang að meta gæði kaviars eftir geymslutíma og að bera saman mismunandi aðferðir við söltun. Eftirfarandi einkunnaskali var notaður: mjög gott: 5, gott: 4, sämilegt: 3, á takmörkum: 2, vont, óætt: 1.

2.3.3. Efnamælingar.

Mælingar voru gerðar á salti og pH á hefðbundinn hátt. Rotvarnarefnin mæld á gasgreini eftir að þau höfðu verið extraheruð og skilin frá öðrum eftum með fasadrætti. Efnin voru látin hvarfast við silyl-efni til að gera þau fleygari fyrir mælinguna.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. Tilraun 1 (A,B,C,D,E og F)

3.1.1. Gerlatalningar

Gerlafjöldi í hráefni var lítill eða 7.200/g. Strax eftir söltun var gerlafjöldinn á bilinu 410-4.150/g. Því er ljóst að gerlafjöldinn í upphafi var í lágmarki enda voru hrognin mjög fersk við söltun og hreinlæti gott við vinnsluna. Niðurstöður gerlatalninga eru sýndar á myndum 1 (A,B,C) og 2(D,E,F).

Áhrif mismunandi saltstyrks. Í ljós kom að vaxtarhraði örvera var mjög háður þeim saltstyrk sem notaður var. Yfirleitt var litil sem engin fjölgun í sýnum með 6% saltstyrk nema í þurrsöltuðum hrognum, sem ekki voru glösuð (mynd 2E). Töluverð fjölgun gerla varð í sýnum með 3 og 4.5% salti, og þá sérstaklega í 3% salti.

Áhrif mismunandi glösunartíma. Verulegu máli skipti hvenær glösun var gerð á þækilsöltuðum kaviar (mynd 1A-C). Ef glasað var 2 dögum eftir söltun (mynd 1A) varð nánast engin gerlafjölgun yfir geymslutímann. Á mynd 1B sést hins vegar að mikil aukning varð eftir glösun sem gerð var 22 dögum frá söltun. Kaviar sem var óglasaður allan geymslutímann (mynd 1C) gaf svipaðar niðurstöður nema í 4.5% söltum kaviar varð gerlaaukningin meiri en í kaviar sem glasaður var eftir 22 daga.

Þurrsöltuð hrogn voru lituð og glösuð eftir 15 daga frá söltun (mynd 1D). Greinilegt var að glösunin dró töluvert úr vaxtarhraða gerlanna í samanburði við hrogn sem ekki voru glösuð (mynd 1E).

Áhrif mismunandi söltunaraðferðar. Í þessu sambandi er eðli-legast að bera saman mynd 1C (óglasaður þækilsaltaður kaviar) og 2E (óglösuð þurrsöltuð hrogn). Niðurstöður gerlatalninga benda til þess að vaxtarhraði gerla hafi verið mun meiri í þurrsöltuðum hrognum en þækilsöltuðum kaviar. Séu hins vegar niðurstöður saltmælinga skoðaðar (sjá töflu 6) kemur í ljós að saltmagn í þurrsöltuðum hrognum var að öllu jöfnu lægra en í sambærilegum sýnum af þækilsöltuðum kaviar.


Áhrif rotvarnarefna (mynd 2F). Gerlafjölgun var geysilega hröð í órotvörðum hrognum. Eftir rúmlega 2ja vikna geymslu var fjöldi gerla pr.g. sýnis 10^7 . Mun hægari gerlafjölgun var í rotvörðum hrognum.

Mynd 1. Niðurstöður gerlatalninga í pækilsöltuðum kaviar:


Tilraun 1.

○—○ : 3% salt, ●—● : 4.5% salt □—□ : 6% salt.


(A) Glösun eftir 2 daga (A3, A4.5, A6).



(B) Glösun eftir 22 daga (B3, B4.5, B6).




(C) Óglasaður kaviar (C3, C4.5, C6).




Mynd 2. Niðurstöður gerlatalninga í þurrsöltuðum hrognum og kaviar: Tilraun 1.


○—○ : 3% salt, ●—● : 4.5% salt, □—□ : 6% salt.
(D) Litun og glösun eftir 15 daga (D3,D4.5,D6).



(E) Óglösuð hrogn (E3,E4.5,E6).



(F) Áhrif rotvarnarefna á gerlafjölda í þurrsöltuðum hrognum.



3.1.2. Skynmat.

Kaviar og hrogn i fötum. Í töflu 4 eru sýndar niðurstöður skynmats á kaviar og hrognum í fötum. Pækilsaltaður kaviar (C) með 4.5% salti var óskemmdur eftir 150 daga geymslu. Hins vegar kom fram þrái á yfirborði sýnis með 6% salti eftir aðeins 43 daga geymslu. Sýni með 3% salti var orðið myglað á yfirborði eftir 43 daga geymslu og var því sýni fleygt stuttu síðar. Geymslupol á þurrsöltuðum hrognum E var mjög takmarkað. Myglugróður á yfirborði kom snemma fram og nokkru síðar súr. Þessum hrognum var því fleygt eftir 55 daga.

Órotvarin hrogn voru óneysluhæf eftir aðeins 8 daga geymslu vegna súrs og eftir 43 daga var sterkt ýldulykt af þessum hrognum. Hrogn rotvarin með bensóati voru í lagi eftir 98 daga geymslu en eftir 150 daga geymslu voru hrognin skemmd.

Sérkennileg lykt (málningarálykt?) kom fram í hrognum rotvörðum með bensóati + sorbati eftir 43 daga og í hrognum rotvörðum með sorbati eingöngu eftir 98 daga. Við rannsóknir á söltuðum kryddsildarflökum fyrir nokkrum árum (Tækknitiðindi nr. 143) fannst þessi sama lykt af flökum sem rotvarin voru með saltpétri + sorbati og bensóati + sorbati. Þessi lykt hefur hins vegar aldrei fundist af saltaðri sild sem eingöngu var rotvarin með sorbati.

Kaviar í glösum. Niðurstöður skynmats eru sýndar í töflu 5. Til upprifjunar skal þess getið að pækilsaltaður kaviar A var glasaður 2 dögum eftir söltun; kaviar B 22 dögum eftir söltun og þurrsöltuð hrogn voru lituð og glösuð 15 dögum eftir söltun. Athyglisvert var að kaviar A likaði vel strax í byrjun. Því virðist sem ákveðinn verkunartimi sé ekki nauðsynlegur til þess að ná fram æskilegum bragðgæðum. Engar athugasemdir komu fram fyrr en eftir 55 daga geymslu en þá fannst vottur af þráa í 6% söltum kaviar úr B seriu. Önnur sýni voru í lagi. Í lok geymslutímans (260 dagar frá söltun) var 3% saltur A kaviar enn neysluhæfur þó geymslupol væri greinilega á þróum. Gæði 3% salts B og D kaviars voru mun verri. Í lok geymslutímans var 4.5 og 6% A kaviar enn talinn góður, en kaviar B og D fékk mun lakari dóma. Bólgu-myndun varð í 3 og 4.5% söltum D kaviar, en kom ekki fyrir í öðrum glösum.

Tafla 4. Skýnmat á kaviar og hrognum í fötum.

Tegund	Dagar frá söltun					
	8	43	55	71	98	150
3C	í lagi	mygla á yfirborði	mygla á yfirborði	hrognum fleygt	í lagi	í lagi
4.5C	í lagi	í lagi	í lagi	-	í lagi	í lagi
6C	í lagi	brái á yfirborði	brái á yfirborði	brái á yfirborði	brái á yfirborði	brái á yfirborði
3E	í lagi	mygla á yfirborði	mygla/súr	hrognum fleygt	hrognum fleygt	hrognum fleygt
4.5E	í lagi	mygla á yfirborði	mygla/súr	hrognum fleygt	hrognum fleygt	hrognum fleygt
6E	í lagi	mygla á yfirborði	mygla/vottur af súr	í lagi	í lagi	í lagi
Bensóat	í lagi	í lagi	í lagi	skemmdarlykt (gerjun)	í lagi	í lagi
Sorbat	í lagi	í lagi	í lagi	sérk. lykt*	sterk sérk.	sterk sérk.
Bensóat + sorbat	í lagi	sérkennil. lykt*	sterk sérk. lykt*	sterk sérk.	sterk sérk.	lykt* + ylda.
Órotvarið	súr	ýlda, hrogn. fleygt	-	-	-	-
12% kontróll	í lagi	í lagi	brái á yfirborði	brái á yfirborði	brái á yfirborði	brái á yfirborði

* Sjá nánar í texta.

Tafla 5. Skynmat á kaviar í glösum.

Dagar frá söltun

Tegund	2	17	55	98	260
3A	gott	gott	mjög gott	gott	sæmilegt
4.5A	mjög gott	gott	gott	gott	gott
6A	gott	gott	gott	gott	gott
3B	- *	-	gott	gott	vont, óætt
4.5B	-	-	gott	gott	sæmilegt (remma).
4B	-	-	sæmilegt (vottur af þráa)	sæmilegt (vottur af þráa)	sæmilegt (vottur af þráa)
3D	-	gott	gott	gott	Á takmörkum (sum glös bólgin)
4.5D	-	gott	gott	gott	Á takmörkum (sum glös bólgin)
6D	-	gott	gott	gott	sæmilegt, (vottur af þráa)
Kontról (4.5%)	-	-	sæmilegt (remma)	sæmilegt (remma)	

*enn óglasað

3.1.3. Efnamælingar.

Saltmælingar. Niðurstöður mælinga á salti eru sýndar í töflu 6. Reynt var að hafa saltstyrk sem næst 3%, 4.5% og 6% bæði í þurrsöltuðum hrognum og pækilsöltuðum kaviar, og 4.5% í hrognum með mismunandi rotvarnarefnum (sjá 2.1.3.). Í töflu 6 má sjá að salt í pækilsaltaða kaviarnum er hærra í öllum tilvikum en í þurrsöltuðu hrognunum. Saltupptaka í pækilsöltuðum kaviar var komin í jafnvægi á 2 til 3 klst. Nánast engin breyting á salti mældist yfir geymslutímann enda var þess gætt að pækla með pækli með réttum saltstyrk.

Í hrognunum með mismunandi rotvarnarefnum (B, S, B+S) er saltið nokkuð mismunandi og er töluvert hærra í hrognum, sem rotvarin voru með sorbati eingöngu. Liklega stafar þetta af mistökum í útvigtun í upphafi.

Mælingar á sýrustigi (pH). Niðurstöður pH mælinga eru sýndar í töflu 7. Sýrustig í hráefni (ósöltuðum hrognum) var pH 5.9. Rétt eftir söltun var pH í pækilsöltuðum kaviar nokkru lægra en í þurrsöltuðum hrognum. Þessi munur stafar af notkun bragðefna við blöndun á kaviar. Lækkun sýrustigs af þessum völdum kemur einnig vel fram í D-seríu þegar hrognin voru lituð og glösuð eftir 15 daga.

Litlar breytingar urðu á sýrustigi ef miðað er við geymslutíma. Kom þessi niðurstaða nokkuð á óvart þar sem skemmdarstarfsemi af völdum örvera leiðir oft til hækunar á sýrustigi í sjávarafurðum. Sérstaka athygli vakti að engin sýrustigshækjun kom fram í seríu E (þurrsöltuð hrogn) en þar var örverugróður mjög mikill og 3 og 4.5% söltu hrognin greinilega orðin skemmd á síðari hluta geymslutímans.

Mælingar á rotvarnarefnum. Mælingar á bensóati voru gerðar 34 dögum eftir söltun í sýnum A,C,D og F með 4.5% salti. Bensóat mældist 0.28% í C, 0.24% í D en lægra í A eða 0.17%. Upptaka bensóats í A-hrognum var sennilega ekki lokið þegar pækillinn var láttinn síga af. Í hrognum með mismunandi rotvarnarefnum (F) mældist bensóat 0.22% í hrognum rotvörðum með bensóati eingöngu, en sorbat mældist einungis 0.09%. Magn sorbats var óeðililegt lágt en ætlunin var að nota sama magn bensóats og sorbats (0.2%). Í kafla 3.1.2. er greint frá sérkennilegri lykt, sem kom fram í hrognum rotvörðum með sorbati. Liklegt er að sorbat sé brotið niður og að myndefnin valdi þessari sérkennilegu lykt.

Tafla 6. Niðurstöður saltmælinga.

		Dagar frá söltun						
Tegund		0	2	8	15	22	38	55
Pækilsaltaður kaviar	3A	3.5	3.5	3.4	3.3		3.4	
	4.5A	5.2	4.8	4.7	4.7		4.8	
	6A	6.6	6.6	6.1	6.0		6.3	
	3B	3.5		3.9		3.5	3.7	3.7
	4.5B	5.2		5.1		5.0	5.0	4.8
	6B	6.6		6.7		6.7	6.4	6.3
	3C	3.5		3.8		3.7	3.9	3.9
	4.5C	5.2		5.0		4.8	5.3	5.0
	6C	6.6		6.6		6.9	6.9	6.7
purrssöltuð hrogn	3D	3.2	3.2	2.8	2.9		2.9	3.1
	4.5D	4.4	4.1	4.4	4.1		4.2	3.8
	6D	5.6	5.4	5.3	5.3		5.3	5.3
	3E	3.2	3.2	3.0		3.4	3.1	3.4
	4.5E	4.4	4.1	4.5		4.4	4.5	4.5
	6E	5.6	5.4	5.6		5.4	5.6	5.6
	Bensóat		4.4	4.5	4.6		4.8	
	Sorbat		5.3	5.9	5.8		6.1	
	Bensóat + Sorbat		3.9	4.3	4.3		4.7	
	órotvarið		4.1	4.4	4.2			
	Kontról	8.0	10.9	11.3		11.0	10.7	10.5

Tafla 7. Niðurstöður sýrustigs (pH)-mælinga.

Tegund	Dagar frá söltun							
	0	8	22	30	43	55	71	260
3A	5.5	5.4		5.7	5.4	5.8		5.4
4.5A	5.4	5.4		5.4	5.4	5.4		5.5
6A	5.4	5.5		5.3	5.2	5.4		5.4
3B	5.5	5.4	5.4		5.7	5.1	5.3	5.5
4.5B	5.4	5.4	5.3		5.5	5.1	5.2	5.5
6B	5.4	5.4	5.5		5.4	5.1	5.2	5.4
3C	5.5	5.4	5.4		5.4	5.5		
4.5C	5.4	5.3	5.4		5.4	5.5	5.4	
6C	5.4	5.3	5.4		5.4	5.4	5.4	
3D	5.9	5.8	5.1	5.2	5.2	5.4	5.5	5.4
4.5D	5.8	5.8	5.3	5.2	5.4	5.1	5.4	5.5
6D	5.8	5.8	5.4	5.8	5.2	4.9	5.4	5.5
3E	5.9	5.8	6.0	5.9	5.9	5.9		
4.5E	5.8	5.8	5.9	5.9	5.9	5.9		
6E	5.8	5.8	5.8	5.8	5.7	5.8		
Bensóat	6.0	5.8	5.7	5.9	5.8	5.9	5.8	
Sorbat	6.0	5.8	5.7	5.8	5.8	5.8	5.8	
Bensóat + Sorbat	5.9	5.8	5.7	5.9	5.9	5.9	6.0	
Örotvarið	5.9	5.7	5.7					
Kontról	5.7	5.6	5.6	5.7	5.7	5.7	5.7	

pH í hráefni fyrir söltun mældist 5.9

3.2. Tilraun 2 (kaviar X og Y).

3.2.1. Gerlarannsóknir.

Fyrstu gerlatalningar voru gerðar 3 dögum eftir söltun og litun og var gerlafjöldinn þá á bilinu 14.900-25.100/g. Sambærilegar tölur fyrir pækilsaltaðan kaviar, sem notaður var til framleiðslu á A og B seríu voru hins vegar mun lægri eða á bilinu 410-560/g. Því er ljóst að upphaflegur gerlafjöldi hefur verið óæskilega mikill í kaviar, sem notaður var við tilraun 2.

Niðurstöður gerlatalninga eru sýndar á mynd 3a og 3b. Sem fyrr var vaxtarhraði gerlanna mjög háður saltmagni (mynd 3a). Vaxtarhraðinn var mestur í 3% salti en minnstur í 6% salti eins og við var að búast. Á mynd 3b eru áhrif glösunartíma á vöxt gerla sýnd. Í ljós kom að minni fjölgun gerla varð í þeim kaviar sem fyrr var glasaður. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr tilraun 1.

Í lok geymslutímans (200 dagar) var gerð athugun á samsetningu gerlaflórunnar í 4.5% söltum kaviar úr X-seríu. Við greiningu fundust eingöngu Lactobacillus gerlar og sumir þeirra mynduðu gas við sykurgerjun (fjölgerjandi). Ekki er óliklegt að við áframhaldandi geymslu gætu þessir gerlar leitt til bólgu-myndunar. Hins vegar voru engin merki um bólgu-myndun í lok tilraunarinnar eða eftir 200 daga geymslu.


3.2.2. Skynmat.

Fylgst var reglulega með bragði og lykt kaviars yfir geymslutímann. Í lok hans (200 dagar eftir söltun) voru dómarar sammála um, að engin skemmdareinkenni fyndust. Þá gáfu 8 dómarar einkunnir fyrir bragð þar sem einkunn 5 var best og einkunn 1 var verst. Annars vegar var borinn saman 4.5% saltur kaviar af X og Y-seríu til að athuga hvert mismunandi pökkunartíma hefði áhrif á gæðin. Kaviar X fékk meðaltalseinkunn 4.5 en kaviar Y fékk 4.2, en ekki var um marktækan mun að ræða samkvæmt t-prófun. Hins vegar var borinn saman mismunandi saltur kaviar af X-seríu þ.e. 3%, 4.5% og 6% saltur. 3% og 4.5% saltur kaviar fékk nánast sömu dóma eða meðaltalseinkunn 4.5 en 6% saltur kaviar fékk mun lakari dóma eða 3.4 ($0.001 < p < 0.01$ samkvæmt t-prófun). Í reynd segja þessar niðurstöður einungis að 6% saltur kaviar þykir of saltur.

Mynd 3. Niðurstöður gerlatalninga á pækilstöltuóum kaviar:
Tilraun 2.


(a) Áhrif mismunandi saltmagns (X3, X4.5, X6).

○—○ : 3% salt, ●—● : 4.5% salt, □—□ : 6% salt. Glösun eftir 4 daga.



(b) Áhrif mismunandi glösunartíma (X4.5, Y4.5).

●—● : Glösun eftir 4 daga, ●---● : Glösun eftir 12 daga.
Salt 4.5%.



3.2.3. Efnamælingar/nýtingarathugun.

Niðurstöður mælinga á salti, sýrustigi og bensóati eru sýndar í töflum 9, 10 og 11. Reynt var að hafa saltstyrk sem næst 3%, 4.5% og 6%. Sýrustig í kaviar X og Y var nokkuð hærra en í sambærilegum kaviar í tilraun 1. Þessi munur gæti stafað af því að minna af bragðefnum var notað í hvert kg af hrognum (sjá töflu 1 og 2) í tilraun 2. Litlar breytingar urðu á sýrustigi á geymslutimanum. Rotvarnarefnið bensóat var mælt í hrognunum 200 dögum eftir söltun.

Tafla 8. Niðurstöður saltmælinga.

Tegund	Dagar frá söltun				
	4	12	24	48	200
3X	3.1	3.1	2.9	3.0	3.1
4.5X	4.4	4.2	4.1	4.2	4.2
6X	5.9	5.4	5.4	5.3	5.4
4.5Y	4.7	4.2	4.4	4.4	4.3

Tafla 9. Niðurstöður sýrustigs-mælinga

Tegund	Dagar frá söltun				
	4	12	24	48	200
3X	5.9	5.8	5.8	6.0	6.0
4.5X	5.9	6.0	5.9	6.1	5.9
6X	5.8	5.7	5.8	6.1	6.0
4.5Y	5.9	6.0	5.8	5.9	5.8

Tafla 10. Niðurstöður mælinga á rotvarnarefnum.

Tegund	% bensóat
3X	0.24
4.5X	0.16
6X	0.16
4.5Y	0.17

Óglasaður kaviar, sem legið hafði í pækli í mislangan tíma, var veginn upp úr pækli til að kanna nýtingu í glös. Hrogn voru vigtuð (2 kg) nákvæmlega í pækil með litar og bragð-efnum. Fyrir glösun var pækill láttinn síga af á grisju í 1 klst.

Útvigtun

4 daga í pækli	3.0%	sölt hrogn	2.170 kg
4 daga í pækli	4.5%	" "	2.200 kg
4 daga í pækli	6.0%	" "	2.170 kg
12 daga í pækli	4.5%	" "	2.160 kg
24 daga í pækli	4.5%	" "	2.130 kg

Litill munur virðist vera á nýtingu bæði eftir saltstyrk og hversu lengi hrognin liggja í pækli. Þessar mælingar eru of fáar til að draga almennar ályktanir um áhrif þökkunartíma og saltstyrks á nýtingu.

4. UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR.

Við rannsóknir á pækilsöltuðum kaviar (A,B,X og Y) kom í ljós að pökkun í loftdregnar umbúðir leiddu til hægari vaxtarhraða gerla. Ennfremur var æskilegast að pökkun væri gerð sem fyrst eftir söltun. Pökkun í loftdregnar umbúðir dregur verulega úr súrefnismagni í innihaldi og virkar þannig hemjandi á vöxt ýmissa gerla. Við almennan samanburð á niðurstöðum gerlatalninga úr tilraun 1 og tilraun 2 er athyglisvert að talningar voru yfirleitt mun hærri í seinni tilrauninni. Sérstaklega á þetta við þegar bornar eru saman talningar á kaviar A og kaviar X en framleiðsla á þessum gerðum var svipuð. Í upphafi var gerla-fjöldinn tölувvert meiri í kaviar X en kaviar A. Líklega má rekja þennan mun til lakara hreinlætis við hreinsun og söltun þegar tilraun 2 var gerð. Sýnir þetta vel hversu mikilvægt er að gerlafjöldinn í upphafi sé sem lægstur. Vert er að minna á að i kaviar A, þar sem upphafsgerlafjöldi var mjög lágor, varð lítil sem engin gerlafjölgun allan geymslutímann. Almennt gilti að vaxtarhraði gerla var mjög háður saltstyrk og var oftast mikill munur á gerlafjölda í 3 og 6% söltum kaviar. Kaviar með 3% salti hafði almennt mun skemmrar geymsluþol en 6% saltur kaviar.

Í lok geymslutíma kaviars úr tilraun 1 (260 dagar) sýndu niðurstöður skynmats að gæði kaviars A voru betri en kaviars B og D. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður gerlatalninga, þar sem gerlafjöldi var mun minni í A en B og D. Í lok geymslutíma kaviars úr tilraun 2 (200 dagar) höfðu engin skemmdar-einkenni enn komið fram þó svo gerlatalningar væru tiltölulega háar á sama tíma. Rétt er að hafa í huga að geymslutími kaviars úr tilraun 2 var 2 mánuðum skemmrri en kaviars úr tilraun 1. Við gerlagreiningu á 4.5% söltum kaviar úr tilraun 2 (X-seríu) fundust eingöngu Lactobacillus gerlar (mjólkursýrugerlar) og mynduðu sumir þeirra gas. Því má búast við að þessir gerlar gætu leitt til bólgyrndunar við áframhaldandi geymslu. Vöxtur mjólkursýrugerla orsakar hins vegar ekki óæskilegrar bragð-breytingar enda fékk þessi kaviar yfirleitt góða dóma í lok geymslutimans eins og áður sagði.

A fyrstu vikum geymslutimans var mjög "ferskt" bragð af pækilsöltuðum kaviar, sem líkaði mjög vel. Eftir 2ja mánaða geymslu var þetta ferska bragð horfið en svo virðist sem ákveðinn verkunartimi sé ekki nauðsynlegur til þess að ná fram æskilegum bragðgæðum. Greinilegur bragðmunur var á kaviar eftir saltmagni og fannst saltremmubragð af kaviar með 6% salti.

Við framleiðslu á burrsöltuðum hrognum kom í ljós að hrognin límdust saman. Til þess að ná þeim í sundur þurfti það harkalega meðferð, að hrognin krömdust. Hrogn sem voru 12% sölt, límdust hins vegar ekki saman og virðist því sem samloðunin sé háð saltstyrk að einhverju leyti. Greinilegt var að pökkun í loftdregnar umbúðir hafði örveruhemjandi áhrif eins og fram kom í pækilsöltuðum kaviar. Sömuleiðis var vaxtarhraði örvera mjög háður saltstyrk. Fjölgun gerla var geysilega hröð í seríu E (óglösuð hrogn) en við skynmat fannst súr og/eða ýldulykt eftir aðeins 55 daga geymslu. Sambærileg hrogn, sem voru lituð og glösuð (D-seríu), höfðu mun lengra geymslupol.

Oglasaður pækilsaltaður kaviar (C-seríu) hafði lengra geymslupol en óglösuð þurrsöltuð hrogn (E-seríu). Liklegasta skýringin á þessum mun er sá að salt í kaviarnum var nokkuð hærra en í hrognunum. Einnig má benda á að sýrustig í kaviarnum var nokkuð lægra en í hrognunum vegna notkunar bragðefnis við blöndun á kaviar.

Við tilraunir með órotvarin hrogn og hrogn rotvarin með bensóati og sorbati kom í ljós að órotvarin hrogn voru skemmd eftir aðeins 8 daga geymslu. Á þeim tíma skipti örverufjöldi milljónum í 1 g. Hrogn rotvarin með bensóati eingöngu voru óskemmd eftir 98 daga geymslu en í lok geymslutimans var geymslupol þrotið. Hrogn rotvarin með sorbati eingöngu voru í lagi eftir 71 dag en á seinni hluta geymslutimans kom fram sérkennileg lykt (málningarálykt?) og voru hrognin óhæf til neyslu vegna þessarar lyktar. Þessi lykt fannst enn fyrr (43 dagar frá söltun), þegar blanda af rotvarnarefnum var notuð. Niðurstöður bentu til þess að notkun sorbats sé varasöm þar sem sérkennileg lykt fannst eingöngu í þeim fótum þar sem sorbat var notað. Svo virðist sem sorbatið sé brotið niður og myndefni þess efnahvarfs valdi lyktinni.

Þessar tilraunir hafa sýnt að framleiðsla á léttssöltuðum kaviar án undanfarandi harðsöltunar á hrognum er raunhæf. Heppilegast er að pækilsalta og lita hrognin strax að aflokinni himnuhreinsun og siun og er þá strax hægt að miða við þann saltstyrk, sem kaupandi æskir. Okkar reynsla er sú að 4-5% saltstyrkur sé æskilegur þar sem minna salt takmarkar mjög geymslubol og meira salt líkar fremur illa sé tekið mið af athugasemdum dómara, sem þátt tóku í skynmati. Þurrsöltun léttssaltaðra hrogna gaf ekki góða raun vegna samlimingar hrogna og lakara geymslubol. Til þess að tryggja a.m.k. 6 mánaða geymslubol í kæli er æskilegt að glösun í loftdregnar umbúðir sé gerð eins fljótt eftir söltun og litun og kostur er. Ennfremur er nauðsynlegt að rotverja kaviarinn með natrium bensóati þannig að lokastyrkur sé sem næst 0.2%. Í þessum tilraunum voru ekki gerðar athuganir á áhrifum gerilsneyðingar á geymslubol kaviars. Hins vegar ætti sú rotvarnaraðferð að henta jafnvel fyrir léttssaltaðan kaviar sem hefðbundinn kaviar.

Sú framleiðsluaðferð, sem hér hefur verið lýst, ætti að opna ýmsar nýjar leiðir fyrir framleiðendur kaviars. Það er þeirra að nýta sér þær og aðlaga að núverandi framleiðsluháttum.